

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	12.11.2015
Málalýkill	
Mál nr.	1511174

Bæjarráð Garðabæjar

Garðabæ, 11. nóvember 2015

Varðar fjölgun götuskipta/götumerkinga í Garðabæ

Óskað er eftir að bæjarráð Garðabæjar fjalli um götumerkingar í bænum með það fyrir augum að fjölga götuskiptum og gera þau skilmerkilegri, til að auðvelda almenningi að rata um bæjarfélagið.

Í eftirfarandi bréfi vísa ég í sex tölvupósta sem farið hafa milli mín og starfsmanna Garðabæjar á tímabilinu mars 2014 til janúar 2015 vegna óska um fleiri og betri götuskipta í bænum. Ég hef aðeins fengið eitt svar við fyrirspurn minni, þ.e. 14. mars 2014.

5. mars 2014 – Tölvupóstur til gardabaer@gardabaer.is

„Á [íbúa] fundi með bæjarstjóra fyrir áramót talaði Gunnar [Einarsson] um að skilti yrðu löguð sem vísa í Akra A og Akra V. Við hér í Ökrum Austur höfum orðið vör við að fólk ruglast mjög mikið þegar það kemur yfir Arnarnesbrúna og veit ekki hvað Akrar V þýðir. Þar er heldur ekkert skilti sem bendir til Akra A. Það þarf að gera skiltin skýrari þannig að fólk viti að göturnar fara eftir stafrófi og að það átti sig á að tvær leiðir eru inn í hverfin og ekki tenging á milli. Þetta hefur valdið miklum vandræðum. Vinsamlegast látið mig vita hvort þetta fer í farveg núna.“ – *Ekkert svar barst.*

13. mars 2014 – Sama fyrirspurn ítrekuð

14. mars 2014 – Fyrirspurn svarað af Eysteini Haraldssyni bæjarverkfræðingi.

„Sæl Hildur. Umrætt mál er í farvegi hjá Sigurði Hafliðasyni hjá þjónustumiðstöð Garðabæjar.“

21. janúar 2015 – Fyrirspurn til Sigurðar Hafliðasonar – Ekkert svar barst.

27. janúar 2015 – Beiðni um að Sigurður hafi samband við mig vegna málsins. – Ekkert svar barst.

Til viðbótar:

Ég vil ítreka að það vantar nauðsynlega merkingu til dæmis við Bæjarbrautina upp við hringtorgið við Arnarnesveg. Núna hljóma leiðingarlýsingar gjarnan þannig: „Þú beygir ekki þar sem stendur Akrar A heldur til hægri niður götuna sem liggur niður á við í áttina að Fjölbrautaskólanum, ef þú veist hvar hann er.“

Ég vil einnig fara fram á að fleiri götuskiptum verði bætt við þá enda gatnanna sem liggja við göngustíga, þannig að fólk geti áttað sig betur á hvar það er statt í hverfinu. Fólk sem er gangandi um hverfið á leið til mín hefur ósjaldan hringt og á erfitt með að útskýra hvar það er statt, því það sér engar götumerkingar.

Virðingarfyllt,

Hildur Friðriksdóttir

Rúgakri 3b

Sími 8200651 / netfang: hildurfr@simnet.is